

39. fundur

Reykjavík 15. maí 2023

2009511SA  
Málalykill: 16.32

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Sálfræðingafélags Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sálfræðingafélags Íslands, mánudaginn 15. maí 2023.

**Mætt voru:**

Fyrir hönd félagsins: Anna María Frímannsdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Bjarni Ómar Haraldsson og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

**Petta gerðist:**

Fjallað um rýrnun á verðmæti launaflokkagreiðslna vegna sérfræðiviðurkenningar.

**Niðurstaða:**

Aðilar eru sammála um eftirfarandi til að vega á móti rýrnun á verðmæti launaflokkagreiðslna vegna sérfræðiviðurkenningar.

Sálfræðingar geta sótt um mat á sérfræðiviðurkenningu til samstarfsnefndar aðila. Sálfræðingar þurfa að hafa starfað að lágmarki í 1,5 ár í 50% starfshlutfalli eða meira.

Við röðun sálfræðinga í launaflokka vegna mats á sérfræðiviðurkenningu þeirra sbr. reglugerð nr. 1130 / 2012 gildir eftirfarandi:

1. áfangi	100 fræðslustundir og 20 handleiðslutímar	2 lfl
2. áfangi	150 fræðslustundir og 40 handleiðslutímar	1 lfl
3. áfangi	200 fræðslustundir og 60 handleiðslutímar	1 lfl
4. áfangi	250 fræðslustundir og 80 handleiðslutímar	2 lfl
5. áfangi	300 fræðslustundir og 100 handleiðslutímar	2 lfl
6. áfangi	Sérfræðiviðurkenning frá Embætti landlæknis	2 lfl
	Samtals	10 lfl

Hækjun er um einn launaflokk vegna 4. áfanga og einn launaflokk vegna 5. áfanga. Hækjun samkvæmt ofangreindu tekur gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn og samstarfsnefnd hefur samþykkt að gögnin falli undir skilyrði um launaflokkahækkun.

Hafi áfangar að sérfræðiviðurkenningu áður verið metnir samkvæmt grein 10.2.3, falla þær greiðslur niður þar sem einingar eru aldrei tvítaldar.

Fleira ekki tekið fyrir.

*Margrét Þórssen  
Anna María Frímannsdóttir*